

Nd.

214. Frumvarp til laga

[91. mál]

um tollheimtu og toleftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

I. KAFLI

Um tollstjórn, tollsvæði, hafnir o. fl.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Tollyfirvald: Tollstjórar og tollgæzlustjóri.

Vara: Sérhver hlutur, sem farið er með sem vöru skv. tollskránni.

Farartæki: Sérhvert tæki, sem nota má til flutnings á vörum.

Skip: Sérhvert fljótandi farartæki.

Flugfar: Sérhvert fljúgandi farartæki.

Far: Skip eða flugfar.

Aðkomufar: Far, sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu aðkomuafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far, sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari, sem er í utanlandsferðum, eða hefur haft önnur þess háttar samskipti við slík för.

Far í utanlandsferðum: Far telst vera í utanlandsferðum, ef það flytur ótollafgreiddar vörur frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vörur til útlanda.

2. gr.

Yfirstjórn tollmála hefur fjármálaráðherra.

Tollstjórar annast tollheimtu og toleftirlit. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri, en sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakir lögreglustjórar í kaптúnum eru tollstjórar í umdæmum sínum. Fjármálaráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma, ef sérstaklega stendur á.

Fjármálaráðherra getur falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollmála, eftir því sem henta þykir.

Við tollstjóraembættið í Reykjavík skal vera sérstakur tollgæzlustjóri, skipaður með sama hætti og héraðsdómarar að fengnum tillögum tollstjóra, og skal hann fullnægja skilyrðum 1.—6. tölul. 32. gr. laga nr. 85 frá 1936. Tollgæzlustjórnin annast í umboði tollstjóra stjórn tollgæzlunnar í Reykjavík, eftir því sem nánar verður ákveðið, og yfirstjórn tollgæzlunnar utan Reykjavíkur, eftir því sem fjármálaráðherra ákveður í erindisbréfi, er hann setur honum.

3. gr.

Tollyfirvöldum til aðstoðar eru tollgæzlumenn og aðrir tollstarfsmenn. Með reglugerð skulu sett fyrirmæli um störf, starfssvið og stjórn tollstarfsmanna.

Í tollhöfnum, þar sem tollstjóri er ekki búsettur, skal vera fastur tollgæzlumaður eða annar umboðsmaður tollstjóra.

4. gr.

Után Reykjavíkur eru fastir tollgæzlumenn skyldir til að gegna jafnframt almennum löggæzlustörfum eftir ákvörðun viðkomandi tollstjóra. Sama á við um fasta tollgæzlumenn í Reykjavík, að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Ekki verða þó tollgæzlumenn, sem skipaðir hafa verið í starf fyrir gildistöku laga nr. 56 frá 20. apríl 1963, um lögreglumenn, skyldaðir til að gegna almennum löggæzlustörfum gegn vilja sínum.

Með samkomulagi dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og viðkomandi sveitarstjórnar má ákveða, að lögreglumenn gegni jafnframt tollgæzlustörfum þar sem henta þykir.

Fela má áhöfnum skipa og flugvéla landhelgisgæzlunnar að vinna við toll-
eftirlit.

Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum landhelgisgæzlunnar eða öðrum er falið að vinna tollgæzlustörf, án þess að þeir hafi tollgæzlu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og fastir tollgæzlumenn.

5. gr.

Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollskóli, er veiti tollstarfsmönnum kennslu í tollfræðum.

Gera má það að skilyrði fyrir veitingu í fastar tollstöður, að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun og prófkröfur í skólanum.

6. gr.

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum, sem því tilheyra, og hafið 4 sjómíli út frá stórstraumsfjöruborði, talið frá yztu skerjum og hólum, er upp úr sjó koma. Firðir og vikur teljast til tollsvæðisins 4 sjómíli til hafs frá línu, sem dregin er þar sem 12 sjómíli verða milli nesja, næst fjarðarmynni. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð, að hafsvæðið milli þessarar línu og fiskiveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 3 frá 11. marz 1961, skuli einnig teljast til tollsvæðis ríkisins.

7. gr.

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hverskonar tollmeðferð vöru má fara fram.

Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

- | | |
|---|----------------------------|
| 1. Reykjavík og Reykjavíkurlflugvöllur. | 7. Neskaupstaður |
| 2. Ísafjörður. | 8. Eskifjörður. |
| 3. Siglufjörður. | 9. Vestmannaeyjar. |
| 4. Akureyri og Akureyrarflugvöllur. | 10. Keflavík. |
| 5. Húsavík. | 11. Keflavíkurlflugvöllur. |
| 6. Seyðisfjörður. | 12. Hafnarfjörður. |

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollaafgreiddar vörur og geyma og tollaafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

- | | |
|--------------------|------------------------|
| 1. Akranes. | 12. Blönduós. |
| 2. Borgarnes. | 13. Sauðárkrókur. |
| 3. Ólafsvík. | 14. Ólafsfjörður. |
| 4. Stykkishólmur. | 15. Raufarhöfn. |
| 5. Patreksfjörður. | 16. Vopnafjörður. |
| 6. Þingeyri. | 17. Reyðarfjörður. |
| 7. Flateyri. | 18. Fáskrúðsfjörður. |
| 8. Suðureyri. | 19. Djúpvogur. |
| 9. Bolungarvík. | 20. Höfn í Hornafirði. |
| 10. Hólmavík. | 21. Þorlákshöfn. |
| 11. Hvammstangi. | |

Þegar sérstaklega stendur á geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæzlustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim, sem slíkt leyfi fær, er skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórar setja fyrir undanþágunni og greiða allan kostnað, sem af henni leiðir. Tollgæzlustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti, leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum og hafnarlóðum, sem ætlaðar eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við tollgæzlustjóra og viðkomandi tollstjóra.

Séu skilyrði til tolleftirlits og vörzlu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi fjármálaráðherra falla tollhafnarréttindi hafnarinnar niður.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað, sem af því leiðir.

Fjármálaráðherra ákveður einnig fyrir hvaða störf tollstarfsmanna skuli tekin greiðsla, upphæð hennar og lögvernd. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um tolleftirlit.

9. gr.

Þegar tollgæzlumenn eru að störfum skulu þeir vera einkennisklæddir, eða hafa í vörzlum sínum og sýna ef með þarf einkennismerki, sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands.“ Rétt er og, að farartæki tollgæzlumanna hafi tollfánann, sem skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn, klofinn að framan, með upphafstéi (T) í efra stangarreit fánans.

Tollstarfsmenn, sem koma fram í einkennisbúningi sínum, sýna framangreint einkennismerki eða draga tollfánann að hún, hafa á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tollgæzlumenn að starfi.

Lögreglan og áhafnir varðskipa skulu veita tollgæzlunni aðstoð og vernd við framkvæmd tollgæzlustarfa.

Skylt er mönnum að verða við kvaðningu um aðstoð við tollgæzlumenn á sama hátt og mælt er fyrir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 82 frá 1961.

10. gr.

Tollgæzlumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálсан og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum, sem geymdar eru í vörugeymsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæzlumönnum heimill aðgangur að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu lögboðinna gjalda.

Tollgæzlumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför, sem skjóta sér undan eða þeir telja að hafi skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum, þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

11. gr.

Öll för, sem eru á tollsvæði ríkisins, eru háð eftirliti tollgæzlunnar.

Tollgæzlumönnum er heimilt að framkvæma leit og rannsókn alls staðar í skipum og flugförum, sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er þeim heimilt að gera leit

í öllum farartækjum, sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæzlumönnum er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum, sem þeir hafa grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

Stjórnendum farartækja er skylt að stöðva þau þegar tollgæzlumaður gefur um það merki.

Stjórnendum farartækja er skylt að veita tollgæzlumönnum, sem eru að störfum við farartæki þeirra, alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að störfin gangi sem greiðast, og gefa þeim nauðsynlegar upplýsingar. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrir mælum tollgæzlunnar, sem lúta að því að tryggja eftirlit með ferminu og afferminu.

12. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að leita á mönnum, sem eru í farartækjum, hús-um eða á svæðum eða á leið frá farartækjum eða stöðum, þar sem tollgæzlumönnum er heimil rannsókn og skoðun á vörum samkvæmt ákvæðum 10. og 11. greina hér að framan.

Leit á manni má aðeins framkvæma skv. skipun æðsta tollgæzlumanns, sem við er staddur, þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana með svo mikilli tillitssemi sem unnt er, og má hún aldrei verða viðtækari en nauðsynlegt er vegna tolleftirlitsins. Við leit á manni getur viðkomandi krafizt þess, að ákveðið vitni sé tilkvatt. Við nákvæma leit á manni skal þess gætt, að hún sé framkvæmd af persónu af sama kyni.

Þegar leit er talin nauðsynleg getur tollgæzlumaður óskað aðstoðar lögreglunnar, ef með þarf.

13. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur hverjar sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, póstflutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess, að vörurnar séu fluttar í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar.

Tollgæzlumönnum er heimilt að skrá og merkja muni, sem eru í íslenskum förum, hvort sem um er að ræða búnað þeirra eða einkaeign áhafnarinnar. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr fari, nema gerð sé grein fyrir að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr farartækinu erlendis.

14. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna, ef nauðsyn krefur.

Tollgæzlumönnum er heimilt að handtaka mann, sem staðinn er að eða grun- aður um tolllagabrot, og færa hann til yfirheyrslu eða fá hann lögreglunni í hendur.

Rétt er tollgæzlumönnum að leggja hald á muni, sem teljast til sakargagna eða ætla má að hafi sönnunargildi í málum vegna tolllagabrota.

15. gr.

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæzlunnar fyrir farmvóm og vistageymslur farartækja, vörugeymslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun eða læsing myndu ekki koma að haldi.

Tollgæzlustjóri ákveður gerð innsigla og úthlutar tækjum og efni, sem til þeirra þarf. Óheimilt er að nota önnur innsigli við innsiglun í fari nema sérstakt leyfi tollgæzlustjóra komi til hverju sinni.

Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið, geta tollyfirvöld krafizt þess, að varzla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörzluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli eða læsingar, sem tollgæzlumenn setja, má enginn nema tollgæzlumaður rjúfa innan íslenskra tollmarka eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

16. gr.

Tollgæzlumenn geta afkvið far, sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum, þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Þeir geta ákveðið, að farþegar eða aðrir megi einungis fara úr fari eða stíga um borð á ákveðnum stað. Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

Óheimilt er að fara um borð í aðkomufar fyrr en tollgæzlumaður leyfir.

Enginn, sem er um borð í aðkomufari, má fara frá borði fyrr en tollgæzlumaður leyfir.

Hverjum, sem staddur er á hafnarsvæði, flugvöllum eða annars staðar, þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar, ber að nema staðar, þegar tollgæzlumaður óskar þess, og gera grein fyrir hvort hann hafi meðferðis ótollafgreiddar vörur.

17. gr.

Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru, sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæzluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má, að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti, sem tollgæzlan tiltekur, eða ákveðið verður í reglugerð.

Skýlt er farþegum og áhöfn að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur þegar tollgæzlumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

18. gr.

Tollyfirvald getur krafizt hvern þann, sem flytur eða ætla má að flytji inn gjaldskyldar vörur eða hefur slíkar vörur til sölu, um skýrslu varðandi þessar vörur, kaupverð þeirra og magn. Tollyfirvald getur enn fremur krafizt kaupskýslumenn, sem hér á landi selja mönnum búsettum í landinu útlenda vöru til afhendingar erlendis, um allar upplýsingar um kaupin og vöruna.

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skýlt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

III. KAFLI

Um för í utanlandsferðum.

19. gr.

Skýlt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó síðustu málsgrein 7. gr. Má það ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæzlunnar.

Íslenzk för mega ekki utan tollhafna taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti nema tilneydd séu.

Ef tollgæzlumenn óska að komast um borð eða frá borði, er stjórnanda fars skýlt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæzlunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnar-yfirvöld hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli, sem tollgæzlan ákveður í samráði við vallarstjóra.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

Far, sem statt er í neyð, er undanþegið ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, en tilkynna skal þó stjórnandi farsins viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land þar til tollafgreiðslu er lokið.

20. gr.

Stjórnanda fars ber að tilkynna tollgæzlunni um komu þess með hæfilegum fyrirvara.

Flugumferðastjórnin skal gefa tollgæzlunni allar nauðsynlegar upplýsingar um komu og brottför flugvéla í utanlandsferðum. Slikar upplýsingar skal jafnan gefa svo fljótt sem við verður komið. Flugumferðastjórninni ber einnig að öðru leyti að veita tollgæzlunni þá aðstoð, sem hún má, í sambandi við framkvæmd starfa hennar.

Starfsmenn hafna og skipaðir hafnsögumenn skulu gefa tollgæzlunni allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa. Þeir skulu einnig gera henni viðvart, ef þeir í starfi sínu eða stöðu komast að því, að brotin hafi verið eða brjóta eigi ákvæði laga þessara.

21. gr.

Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskirteini og mælibréf skips eða loftferðaskirteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um að á skrána séu færðar allar þær vörur, sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.
5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær, sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaförða farsins.
8. Skrá yfir allar aðrar vörur, sem farið kann að flytja.
9. Öll önnur tollskjöl, sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
10. Önnur skjöl og skilríki, sem ákveðið kann að verða, eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

Auk þess, sem segir í 23.—25. gr. hér á eftir, skulu í reglugerð sett nánari fyrir-mæli um skjöl þessi.

Stjórnanda fars ber að veita tollgæzlunni allar upplýsingar, sem þörf er á, um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrúm, svo og allar geymslur og aðra staði, þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

Heimila má, að miðlarar eða aðrir umboðsmenn geti fyrir hönd stjórnanda fars afhent þau skjöl og gefið þær upplýsingar, sem honum ber að annast samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Tollgæzlunni er jafnan heimilt að taka í sínar vörslur þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnarskrá og önnur skjöl, sem þörf er á. Skjöl þessi ber í hverri höfn að afhenda stjórnanda farsins, er hann hefur greitt lögboðin gjöld vegna farsins og innt af hendi aðrar lögboðnar skyldur.

23. gr.

Aðalfarmskrá skal samin í minnst fjórum samhljóða eintökum. Þrjú eintakanna skulu afhent tollgæzlunni, en eitt þeirra ber stjórnanda fars að hafa í farinu þar til affermingu er lokið og færa í það hvaða vörusendingar eru affermdar í hverri höfn.

Á aðalfarmskrá skulu færðar allar vörur, sem farið hefur meðferðis. Eigi er þó nauðsynlegt að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru farinu sjálfu, áhöfn eða farþegum og venjulegur farangur ferðamanna og áhafnar, allt eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

Í farmskrá skal greina vörusendingar í óslitinni töluröð ásamt stykkjatölu, merki og númeri, vöruheiti og þunga, eða rúmmáli, ef um trjávið er að ræða, svo og flutningsgjaldi í íslenskum krónum. Enn fremur skal greina sendanda og viðtakanda hverrar vörusendingar. Sé viðtakandi ókunnur, skal greina nafn þess, sem annast ber um vörusendinguna fyrir hans hönd.

Farmskrá frá hverri höfn skal heft saman og innsiglið, ef um fleiri blöð en eitt er að ræða. Farmskránni skal fylgja vottorð, undirritað af stjórnanda farsins og afgreiðslumanni í viðkomandi höfn, er greini blaðsíðutal farmskrárinnar, tölu vörusendinga og heildarþunga þeirra, svo og breytingar og leiðréttingar, sem gerðar hafa verið á skránni. Í vottorðinu skal vera yfirlýsing um, að farið hafi ekki tekið í viðkomandi höfn aðrar eða meiri vörur en í farmskránni greinir. Undirskriftirnar undir vottorðið skulu staðfestar af íslenskum ræðismanni eða tollgæzlumanni á staðnum.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar, þar sem þær eiga að flytjast úr farinu, sem flytur þær hingað til lands.

Tollgæzlan getur krafizt þess af útgerð fars eða umboðsmanni, að eitt af eintökum aðalfarmskrárinnar sé sent til landsins á undan farinu, ef við verður komið og afhent tollgæzlunni svo fljótt sem verða má.

Eftir að aðalfarmskrá hefur verið afhent tollgæzlunni er óheimilt að breyta skránni nema með samþykki tollyfirvalds.

24. gr.

Á hverri innlendri höfn, sem far tekur til þess að afferma ótollafgreiddar vörur, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni útdrátt úr aðalfarmskrá yfir vörur þær, sem þar eiga að affermast og vottorð um það, að á þeim stað verði ekki affermdar aðrar eða meiri ótollafgreiddar vörur en þær, sem á útdrættinum eru.

Komi síðar í ljós, að þar verði affermdar úr farinu meiri vörur en á útdrætti greinir, skal stjórnandi þess áður tilkynna það tollgæzlunni og afhenda farmskrár um þær vörur, ásamt leiðréttingu á fyrra vottorði sínu, áður en afferming hefst.

Verði vörur ekki allar affermdar úr fari í þeirri höfn, sem farmskrá eða útdrætti greina, skal það tilkynnt og leiðrétting við farmskrárvottorðið afhent tollgæzlunni þegar að lokinni affermingu.

Tollgæzlumenn skulu í fyrstu höfn, sem farið tekur hér á landi, athuga hvort það hefur meðferðis alla útdrætti þá úr farmskrá, sem um ræðir í 1. mgr.

25. gr.

Forði aðkomufars og birgðir, sem eru umfram það, sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í fari, skulu þegar sett undir innsigli. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar. Afhenda skal tollgæzlunni skrá um vörur þessar (innsiglisskrá farsins) eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Tollgæzlumenn geta krafizt þess, að ótollafgreiddar vörur, forði og birgðir, svo og varningur áhafnar, sé flutt úr fari til geymslu meðan það hefur dvöl hérlandis.

Setja má í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands, ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess, að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæzlan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning, sem lög hafa að geyma.

26. gr.

Afferming fars er háð eftirliti tollgæzlunnar og má ekki hefjast nema með leyfi hennar. Slíkt leyfi skal að jafnaði ekki veitt fyrr en afhent hafa verið í fyrirskipuðu formi skjöl þau, sem um ræðir í 21., 23., og 24. gr.

Við affermingu í neyð ber stjórnanda fars að tilkynna um hana strax og auðið er.

Að lokinni affermingu í hverri höfn, er stjórnanda fars eða afgreiðslumanni þess skylt að láta tollgæzlunni í té nákvæma skrá um talningu á þeim vörum, sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning þessi ekki framkvæmd má tollgæzlan láta gera hana á kostnað farsins.

Finnist í fari ótollafgreidd vara, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir samkvæmt lögum þessum eða settum ákvæðum, skal farið greiða allan kostnað við leit í því, og má kyrrsetja farið á þess kostnað, unz leit er lokið.

27. gr.

Áður en far í utanlandsferðum lætur úr fyrstu höfn, sem það hefur tekið hérlandis, til annarrar innlendrar hafnar, ber stjórnanda þess að taka tollvegabréf fyrir það.

Tollgæzlan gefur út tollvegabréf í fyrirskipuðu formi.

Stjórnanda fars ber að vitja tollvegabréfa samkvæmt 1. mgr. til tollgæzlunnar og gefa jafnframt allar upplýsingar um farið, ferðir þess og farm og annað, sem máli kann að skipta í sambandi við gerð tollvegabréfsins. Tollgæzlumenn geta krafizt, að stjórnandi fars sýni þau skjöl, sem hann hefur með höndum, til staðfestingar upplýsingum, sem hann gefur, svo sem farmskrá farsins eða önnur hleðsluskilríki.

Stjórnanda fars ber að varðveita tollvegabréfið meðan farið er hér við land og sýna það tollgæzlumanni, hvenær sem krafizt er.

Á síðari höfnum, sem farið tekur, geta tollgæzlumenn fært á tollvegabréfið þær upplýsingar, sem þörf er á vegna framkvæmdar tollgæzlustarfsins. Brottfararleyfi til annarra innlendra hafna skal veitt með áritun á vegabréfið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til fiskiskipa, nema þau flytji ótollafgreiddar vörur milli hafna.

28. gr.

Með far, sem er í utanlandsferðum og tekið hefur fyrstu höfn, en sýnir ekki tollvegabréf skv. 27. gr. laga þessara við komu til síðari hafna, skal farið með á sama hátt sem um aðkomufar væri að ræða.

Tollgæzlumenn geta jafnan ákveðið, að með far, sem kemur frá innanlandshöfnum eða skip, sem kemur af veiðum, skuli farið sem aðkomuför að því er toll-
eftirlit varðar.

29. gr.

Áður en afferming fars í utanlandsferðum hefst í síðari höfnum, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni útdrátt úr farmskrá um allar ótollafgreiddar vörur, sem eiga að affermast á þeirri höfn, sbr. 24. gr. Einnig ber honum að sýna aðalfarmskrá farsins og leyfa tollgæzlunni afnot hennar meðan farið stendur við.

Hafi farið jafnframt meðferðis ótollafgreiddar vörur, sem það hefur ekki flutt til landsins í þeirri ferð, ber stjórnanda þess að leggja fram sérstaka farmskrá um þær. Flytji farið einnig tollafgreiddar vörur eða innlendan varning, ber enn fremur að leggja fram farmskrá yfir þær.

Afferming má ekki hefjast fyrr en þessum skyldum hefur verið fullnægt, sbr. og 26. gr.

30. gr.

Án leyfis tollgæzlunnar má enginn ferma vörur í far, sem ætlar til útlanda. Þetta nær þó ekki til afla, sem tekinn er um borð í skip á veiðisvæðum.

Sé varan flutt í far án samþykkis tollgæzlunnar, ber stjórnanda farsins að afferma þær aftur, ef tollgæzlan telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörunni eða ákvörðunar gjalda af henni.

31. gr.

Áður en far leggur af stað úr innlendri höfn, ber stjórnanda þess eða afgreiðslumanni að afhenda tollgæzlunni farmskrá í fyrirskipuðu formi um allar vörur, sem farið hefur tekið til útflutnings þaðan.

Áður en far leggur af stað úr seinustu höfn hérlendis, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlumanni heildarfarmskrá í fyrirskipuðu formi um allar vörur, sem farið hefur meðferðis til útflutnings, ásamt vottorði um, að farið hafi ekki tekið og taki ekki hér á landi aðrar eða meiri vörur til útflutnings. Eigi er þó nauðsynlegt að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru farinu sjálfu, áhöfn eða farþegum til neyzlu í því svo og venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

Enn fremur ber stjórnanda farsins að afhenda farþegaskrá í tvíriti um alla þá farþega, sem fara úr landi með farinu.

32. gr.

Skip, sem er á leið til útlanda, skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 7. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip, sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með eigin aflu.

Áður en far leggur upp í ferð til útlanda, ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæzlunni um það með hæfilegum fyrirvara.

Tollgæzlan gefur fari tollvegabréf til útlanda í fyrirskipuðu formi þegar stjórnandi farsins hefur fullnægt öllum skyldum, sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti, og ber að senda tollgæzlustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er, ásamt innsigliðskrá farsins og innanlands tollvegabréfi þess.

33. gr.

Skylt er útgerðarmönnum skipa og flugfara, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, að leggja tollgæzlunni til án endurgjalds nægilegt húsrými til eftirlits með farþegum og áhöfn. Kjósi tollgæzlan að koma upp slíku húsrými, ber þeim að greiða fyrir afnot þess eftir því, sem ákveðið verður.

Kostnað við flutning tollgæzlumanna frá tollstöð til og frá skipi við komu þess og brottför, svo að og frá flugvelli við komu og brottför flugfars, ber förunum að greiða. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förunum og má innheimta hann með lögtaki.

Stjórnanda fars ber að sjá tollgæzlumönnum, sem sendir eru með farinu hafna á milli til eftirlits, fyrir farrými og fæði endurgjaldslaust og eftir því sem hæfa þykir opinberum starfsmönnum.

34. gr.

Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum skv. ákvæðum þessa kafla, ber þeim að greiða tollgæzlunni allan kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnaði þessum fylgir lögveð í farinu og má innheimta hann með lögtaki.

35. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa eða herflugfara, sem leita hér hafnar. Stjórnendur þeirra eru þó skyldir til að gera tollgæzlumönnum fullnægjandi grein fyrir að um herfar sé að ræða, og má krefjast þess, að slík greinargerð sé gefin skriflega.

Með þeim undantekningum, sem leiða af varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, sbr. lög nr. 110 frá 1951, eru för, sem í 1. málsgr. getur, undanþegin innsigliun vista, birgða eða annars varnings um borð.

Ef tollskyldar vörur eru fluttar í land úr förum þeim, sem um ræðir í 1. málsgr., ber yfirmanni þeirra áður að afhenda tollgæzlunni tvíritaða skrá um vörurnar. Tollgæzlan hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með slíkum vörum sem öðrum varningi, sem fluttur er til landsins.

Ákveða má, að ákvæði þessarar greinar skuli einnig gilda að einhverju eða öllu leyti um önnur för en herskip og herflugför, sem eru opinber eign og ferðast eingöngu í opinberum erindagerðum og ekki flytja vörur eða farþega gegn greiðslu.

Skemmtiferðaskip, sem koma hingað eingöngu með farþega, og hvorki taka hér né setja í land farþega eða vörur, eru undanþegin ákvæðum um innsigliun forða, enda greiði þau kostnað af varðstöðu um borð.

IV. KAFLI

Um vörzlu og tollmeðferð aðfluttra vara.

36. gr.

Tollgæzlunni er jafnan heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sínar vörzlu.

Tollgæzlan getur jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar beint úr farartæki í húsrými, sem hún hefur umráð yfir, til rannsóknar á kostnað farmflytjanda, svo og geymslu og tollafgreiðslu ef henta þykir.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu og meðferð varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

37. gr.

Eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli tollhafna innanlands, skulu hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skulu viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra og tollgæzlustjóra. Skulu það vera hús eða afgirt svæði, eftir eðli vörunnar, liggja vel við affermingu og eftirliti og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett verða um slíkar geymslur. Hús þessi og svæði má, ef þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar og skal þannig frá þeim gengið, að því verði auðveldlega við komið.

Þeim, sem geyma ótollafgreiddar vörur, er skylt að láta tollgæzlunni ókeypis í té hæfilegt aðgreint rúm í vörugeymslum sínum til rannsóknar á vörum.

Ef geymsluhús eða svæði eru ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á hverjum tíma, og geymsluhafi bætir ekki úr því innan þess frests, sem tollýfirvald tiltekur, getur tollýfirvald látið bæta úr ágöllum á kostnað hans, eða svipt hann rétti til að nota geymsluna.

Nú er ótollafgreidd vara flutt úr fari í geymsluhús eða á svæði, sem er það langt frá farinu, að þaðan má ekki fullkomlega fylgjast með flutningi varanna á geymslustaðinn að dómi tollgæzlunnar, og ber stjórnanda fars þá að greiða þann aukakostnað, sem leiðir af þeim öryggisráðstöfunum, sem tollgæzlan telur nauðsynlegar til að tryggja fullt eftirlit með flutningi varanna á geymslustaðinn.

Fjármálaráðuneytið setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um vörugeymslur og vörzlu ótollafgreiddrar vöru. Má þar ákveða viðurlög við því, ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast settum fyrirmælum um vörzlu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Geymsluhöfum ber að greiða rikissjóði kostnað við toleftirlit í vörugeymslum sínum eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Geymsluhafi hefur haldsrétt í vörunni fyrir kröfu sinni um geymslugjald. Haldsrétturinn útilokar þó ekki að tollstjóri geti selt vöruna á opinberu uppboði og að tollur og önnur opinber gjöld séu greidd af uppboðsandvirðinu á undan geymslugjaldinu.

38. gr.

Utan þeirra húsa eða geymslusvæða, sem tollgæzlan rekur, eða viðurkennd hafa verið samkvæmt 37. gr., er óheimilt að geyma ótollafgreiddar vörur, nema að fengnu sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra í hvert sinn. Þeim, er slíkt leyfi fær, skal skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórinn í samráði við tollgæzlustjóra setur fyrir leyfinu og greiða allan kostnað við eftirlit með vörunni.

39. gr.

Stjórnendum farartækja, sem flytja ótollafgreiddar vörur, er óheimilt að fá þær til geymslu eða umsjár öðrum en tollgæzlunni eða þeim, sem hefur umráð viðurkenndrar vörugeymslu samkvæmt 37. gr., nema sérstakt leyfi viðkomandi tollstjóra komi til hverju sinni. Skal hann setja þau skilyrði fyrir leyfinu, sem hann telur nauðsynleg til þess að tryggilega sé með vöruna farið og að sá, sem leyfið fær, greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

40. gr.

Stjórnendum farartækja, skipaafgreiðslum og öðrum þeim, sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörzlum til flutnings eða geymslu, er óheimilt að afhenda þær viðtakanda eða láta þær á annan hátt af hendi úr vörugeymslu eða farartæki án leyfis tollstjóra eða tiltekins umboðsmanns hans.

Vöru, sem komin er í viðurkennt geymsluhús eða á viðurkennt eða leyft geymslusvæði, má ekki flytja þaðan, nema að fengnu leyfi tollstjóra, hvort sem um flutning milli geymslustaða innan sama tollumdæmis er að ræða, flutning milli tollumdæma eða endursendingu til útlanda.

41. gr.

Póststjórnin annast vörzlu á ótollafgreiddum póstsendingum. Tollgæzlumenn skulu jafnan hafa aðgang að húsakynnum, þar sem ótollafgreiddar póstsendingar eru geymdar eða teknar til póstméðferðar.

Ákvæði 36. gr. gilda einnig um póstsendingar.

42. gr.

Þegar lokið er affermingu úr farartæki á vörum frá útlöndum, ber stjórnanda farartækis eða afgreiðslumanni að afhenda viðkomandi tollyfirvaldi eða umboðsmanni þess skrá um allar sýnilegar vantánir og skemmdir, sem komið hafa í ljós við affermingu varanna. Tollyfirvald lætur þegar fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum eftir því, sem við verður komið.

43. gr.

Áður en vara er tekin til tollafgreiðslu, ber innflytjanda að afhenda tollstjóra um hana aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjólum samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tollskrárlögum.

Um vinnu og aðstoð innflytjenda við tollmeðferð vöru fer eftir því, sem fyrir er mælt í tollskrárlögum. Nánari ákvæði um þetta efni má setja í reglugerð eða öðrum fyrirráðum fjármálaráðuneytisins.

V. KAFLI

Um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands.

44. gr.

Flutningur á ótollafgreiddum vörum innanlands er háður leyfi og eftirliti tollgæzlunnar.

Ótollafgreiddar vörur er einungis heimilt að senda eða flytja til ákvörðunarstaðar, sem er tollhöfn, og í viðurkennda vörugeymslu, sbr. þó 4. mgr. 7. gr. Póstsendingar, sem eru í vörslum póststjórnarinnar, eru undanþegnar þessu ákvæði.

45. gr.

Um farmskrá fara í innanlandsferðum, sem flytja ótollafgreiddar vörur, gilda ákvæði 29. gr. og önnur ákvæði 3. kafla laga þessara, eftir því sem við á.

Fjármálaráðuneytið getur ákveðið, að önnur farartæki en för, sem flytja ótollafgreiddan varning innanlands, skulu hafa meðferðis skrár um þann flutning, og setur jafnframt fyrirráði um gerð þeirra.

Skrá samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ber afgreiðslumanni viðkomandi farartækis að afhenda tollgæzlunni á sendingarstaðnum áður en farartækið leggur af stað, svo og tollgæzlunni á ákvörðunarstað áður en afferming hefst.

46. gr.

Ef flytja á milli tollhafna ótollafgreidda vöru, sem hefur verið affermd hérlandis, skál sendandi afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans á sendingarstaðnum framsendingarbréf um vöruna. Fylgibréf þetta sendir tollstjóri á sendingarstaðnum, eða umboðsmaður hans, tollstjóra í því umdæmi, sem varan á að flytjast til, með tilkynningu um að vörusendingin sé ótollafgreidd. Fjármálaráðuneytið ákveður nánar gerð slíkra fylgibréfa og tilkynninga.

47. gr.

Á framsendingarbréfi, sem fylgir ótollafgreiddri vöru, skal greinilega skráð, að varan sé ótollafgreidd og að hana megi ekki afhenda viðtakanda, nema að fengnu leyfi viðkomandi tollstjóra.

Framsendingarbréf skal afhent tollstjóra eða umboðsmanni hans á sendingarstað vörunnar svo tímanlega, að skoðun á vörunni geti farið fram áður en henni er komið í farartæki.

48. gr.

Ákveða má í reglugerð, að sérstakt leyfi þurfi til að annast flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands, eða að slíkir flutningar séu þeim einum heimilir, sem fullnægja ákveðnum skilyrðum. Enn fremur má ákveða, að slíkar vörur megi aðeins flytja með sérstaklega útbúnum farartækjum.

49. gr.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að framsenda vöru, ábyrgist að hún sé send af stað án ónauðsynlegrar tafar og sé strax lögð fram við tollstjóra eða umboðsmann hans á ákvörðunarstað í óbreyttu ástandi.

Sendandi og flutningsmaður ótollafgreiddrar vöru, sem flutt er milli tollhafna, bera ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vöru, sem ekki kemur fram á ákvörðunarstað, nema þeir geti fært að því sönnur, að varan hafi glatazt í flutningi af ástæðum, sem þeim verður ekki um kennt.

Aðflutningsgjöldum af þeim hluta sendingar, sem glatazt hefur eða farizt í flutningi innanlands, fylgir lögveð í þeim hluta vörusendingarinnar, sem komið hefur til skila.

VI. KAFLI

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda.

50. gr.

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga, þegar far tekur höfn þar sem vara verður affermd.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri.

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vörum, sem látnar hafa verið í tollvörugæmslu, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 47 11. júní 1960.

51. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra þar sem varan er flutt úr fari því, sem hana flytur til landsins. Sé vara framsend ótollafgreidd, sbr. 5. kafla laga þessara, skal þó greiða gjöldin í því umdæmi, sem varan er send til.

52. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugæmslu, sbr. lög nr. 47 frá 1960. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, 1½% fyrir hvern mánuð frá gjalddaga, sbr. 50. gr., dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja.

Í reglugerðinni má einnig ákveða, að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan mánaðar frá eindaga, eins og hann verður ákveðinn skv. 1. mgr. þessarar greinar, megi tollfyrirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. ákvæðum 54. gr., og áætla tollverð hennar, hafi fullnægjandi innflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

53. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað tollstjórum að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Greiðslufrestur þessi skal aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem fjármálaráðherra tekur gilda, og bundinn því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má hann eigi vera lengri en 20 dagar frá komudegi fars þess, er vöruna flutti til landsins.

Takmarka má greiðslufrest samkvæmt þessari grein við ákveðnar tegundir vöru.

54. gr.

Hinar aðflutningsgjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyrr en búíð er að greiða gjöld þessi, sektir, dráttarvexti og kostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð,

hefur tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörurnar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru. Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

Aðflutningsgjöldin greiðast af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði. Sé uppboðsandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði, skal greiða vörueigandanum afganginn, ef hann gefur sig fram innan 1 árs frá uppboðsdegi. Að þeim tíma liðnum fellur upphæðin til ríkissjóðs.

VII. KAFLI

Um vantanir, skemmdir og endursendingu á vörum.

55. gr.

Ef vöru vantar úr aðkomufari, má draga verðmæti þess, sem vantar, frá tollverði vörusendingar, enda hafi vöntunin verið könnuð á þann hátt, sem segir í 42. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð heimilað lækkun á tollverði vegna vöntunar, þótt ákvæðum 1. mgr. hafi ekki verið fullnægt, ef svo stendur á, að vöntunar í vörusendingu verður ekki vart þrátt fyrir nákvæma athugun ytri umbúða vörunnar. Beiðni um frádrátt vegna vöntunar verður því aðeins tekin til greina, að hún berizt innan ákveðins frests, sem fjármálaráðuneytið ákveður, og á hana færðar þær sönnur, sem tollyfirvald tekur gildar.

56. gr.

Hafi vara orðið fyrir verulegum skemmdum á leið hingað til lands eða við affermingu, má lækka tollverð hennar sem svarar þeirri verðryrnun, sem orðið hefur á vörunni vegna skemmdanna, enda sé henni framvísað til skoðunar og mats innan þess tíma og á þann hátt, sem ákveðinn verður í reglugerð.

Með reglugerð má heimila lækkun á tollverði ótollafgreiddrar vöru, sem orðið hefur fyrir skemmdum í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjenda eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda og hann getur ekki talist eiga sök á skemmdum.

57. gr.

Heimilt er, samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða í reglugerð,

1. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru, sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi, sem hún var, er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu og ekki sé meir en eitt ár liðið frá því að hún kom til landsins.
2. að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundizt að eða neitað hefur verið um viðtöku á, og send er aftur til útlanda innan þess tíma, sem ákveðinn verður samkvæmt 1. mgr. 52. gr., frá því hún var flutt hingað til lands, enda sé þá sett full fjártrygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda.
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem reynast gallaðar og endursendar eru til útlanda innan sex mánaða frá því að þær komu hingað til lands, ef ekki

var hægt að ganga úr skugga um gallana fyrr en við notkun vélanna og seljandi hefur viðurkennt að hann taki þær aftur vegna gallanna, enda nemi aðflutningsgjöld ekki lægri upphæð en 5000 krónum.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

VIII. KAFLI Um útflutning.

58. gr.

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því umdæmi, sem vara er tekin í far það, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna, ásamt samriti af farmskirteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafizt, svo og sölureikningum um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafizt varðandi útflutningsvöru. Í reglugerð má enn fremur kveða svo á, að útflutningsskýrsla og útflutningsskilríki skuli afhent áður en vara er flutt í far, og svo tímanlega, að áður geti farið fram rannsókn á henni.

Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða — ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað — þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er gert út, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra útgerðarstaðar skipsins.

59. gr.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því umdæmi, sem útflutningsvara er flutt í far það, sem flytja á vöruna til útlanda.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð eða fyrirmælum í öðru formi vikið frá ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

IX. KAFLI Um refsingar og önnur viðurlög.

60. gr.

Það er ólöglegur innflutningur, ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði, án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir, ef gjaldskyld vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur, ef ótollafgreidd vara, sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings, eða vara, sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum, er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Nú kemur í ljós, að um borð í fari er vara, sem ekki er færð á farmskrár eða aðrar tilskyldar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð fyrirskipuð grein fyrir, og skal þá litið svo á, að eigandi hennar hafi gerzt sekur um tilraun til ólöglegs innflutnings. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn, ber stjórnandi fars ábyrgð á brotinu.

Það varðar sektum samkv. lögum þessum, ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra, eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

61. gr.

Brot gegn ákvæðum 60. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir vörur, enda þótt hann viti eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

62. gr.

Fyrir tilraun til brots á lögum þessum skal refsað eins og fyrir fullframið brot. Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beitt um brot á lögum þessum.

Nú varðar brot, sem refsing er lögð við í lögum þessum, þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, og skal þá refsað eftir þeim lögum.

63. gr.

Nú gefur maður tollstarfsmanni ranga skýrslu eða leggur fram gögn, sem eru röng eða villandi um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru, og skal hann þá sæta sektum, nema hann sanni, að hvorki honum né þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd, verði um kennt.

Nú verður maður uppvís að því að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í því skyni að svikja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum, og skal hann þá sæta sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Sömu refsingu skal sá sæta, sem veit eða má vita, að upplýsingar, sem hann lætur tollstarfsmönnum í té, eru til þess fallnar að hafa framangreind áhrif.

Að svo miklu leyti sem brot er ekki refsivert samkvæmt 60. til 62. grein, skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar við þá, sem gefa rangar eða villandi yfirlýsingar eða leggja fram röng eða villandi skjöl í sambandi við tollmál.

64. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða eða aðra muni eða vöru, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í fari, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

65. gr.

Sá, sem af ásetningi eða gáleysi rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur toll-einkenni, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 6 mánuðum.

Sé lás eða innsigli tollgæzlunnar brotið eða fjarlægt án þess að sá seki finnist, varðar það þann, sem ábyrgð ber á lásum eða innsiglinu, sektum, nema hann geti gert sennilegt að brotið sé ekki vanrækslu hans eða starfsfólks hans að kenna og hann tilkynni tollgæzlunni um brotið þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því, að hin innsiglaða vara verði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beita, ef maður aflar sér aðgangs að vörum, sem eru undir tollinnsigli, án þess að rjúfa innsiglið eða skemma.

66. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi að selja eða láta á annan hátt afhendi vöru, sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins skv. ákv. laga nr. 110 frá 1951, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkv. þeim lögum. Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu viðurlögum varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja út af samningssvæðum, samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku,

vörur, sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn, ber stjórnandi farartækis ábyrgð á brotinu.

67. gr.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, ef maður misnotar leyfi, ívilnanir eða tollfriðindi, sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum tollalögum og reglugerðum eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim.

68. gr.

Ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð, sem hann er skyldur til samkvæmt lögum þessum, má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu til hans, svo og dagsektum allt að 500 krónum á dag, og getur tollyfirvald ákveðið sektirnar í bréfi til viðkomanda, og má gera aðför í eignum hans fyrir sektunum.

69. gr.

Það varðar stjórnanda fars eða útgerðarmann sektum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki fari, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er, eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir í lögum eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tollgæzlumanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum. Ef svo stendur á sem að framan greinir eða það kemur í ljós við rannsókn á farmi fars að á farmskrána eru ekki færðar allar vörur, sem þar eiga að vera, ber útgerð fars allan kostnað við rannsóknina og eftirlit með affermingu, þ. á m. talningu á farmi.

70. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vöruheyrslu afhenda ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Auk þess ábyrgist eigandi eða umráðamaður farartækis eða vöruafgreiðslu greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni, og má gera lögtak í eignum þeirra fyrir þeim gjöldum ásamt kostnaði. Hafi fullnægjandi skjöl til ákvörðunar aðflutningsgjalda af hinni afhentu vöru ekki verið lögð fram, skal tollyfirvald áætla gjöldin þannig, að þau megi örugglega teljast nógu hátt ákveðin. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru, sem er ólöglega afhent samkvæmt framan-sögðu.

71. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að 500 000 krónum.

72. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru, sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn, eða á annan hátt farið með andstæti ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla, sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess hver er eigandi hennar eða til eignarhafta, sem á henni hvíla, nema vörzlumaður hafi komið yfir vöruna á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið, og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut verð vörunnar auk tolla og gjalda af henni.

Ef um stórfellt brot er að ræða, eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar, er heimilt að gera farartæki upptæk, sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið.

Upp'aka er heimil, þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis, ef ástæða er til að ætla, að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða tilgangi nota átti farartækið. Í stað farartækis má gera verðmæti þess upptækt.

Heimilt er að beita eignaupptöku, enda þótt refsíábyrgð verði ekki fram komið.

73. gr.

Farartæki, sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins, skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði, sem stjórnandi farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfaragerðar, og með þeim hætti, sem segir í 54. gr. Sé sökunautur búsettur hér á landi eða eigi eignir hér, skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar, skv. 1. mgr.

74. gr.

Heimilt er að svipta þann, sem sekur hefur gerzt um stórfellt eða margitrekad brot á lögum þessum, réttindum samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna.

75. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækra vöru skulu, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, renna í ríkissjóð og skal varið til eflingar og bættrar aðstöðu tollefirlitsins í landinu.

76. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 10 000.00, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 50 000.00.

Sendi skal saksóknara ríkisins skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

77. gr.

Póstafgreiðslumenn innheimta aðflutningsgjöld af póstsendingum samkvæmt reglum, sem ráðherra setur. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur fá 4% innheimtulaun af þeim aðflutningsgjöldum, sem þeir innheimta.

78. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð eða öðrum fyrir mælum.

79. gr.

Fjármálaráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og gert nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmda á slíku samkomulagi.

80. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 68 frá 1956 og önnur lagafyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi. Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, skulu halda gildi sínu eftir því sem við á, þar til nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 28. júní 1962 skipaði fjármálaráðherra 4-manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög og reglur um tollheimtu og tolleftirlit og gera tillögur um ráð, sem tiltækilegust mættu teljast til þess að koma í veg fyrir að vörur séu fluttar til landsins án þess að aðflutningsgjöld séu af þeim greidd. Í nefndinni voru Valgarð Briem forstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Einar Ingimundarson bæjarfógeti, Jón Finnsson þáverandi bæjarfógetafulltrúi og Unnsteinn Beck þáverandi tollgæzlustjóri.

Nefndin samdi frumvarp að nýjum lögum um tollheimtu og tolleftirlit og afhenti það fjármálaráðherra í nóvember 1963. Nefndin skilaði einnig sérstöku álitni um framkvæmd tollgæzlu, dagsettu 6. marz 1963.

Á síðastliðnu ári fól fjármálaráðherra Sigtryggi Klemenzsyni þáverandi ráðuneytisstjóra, Torfa Hjartarsyni tollstjóra, Bjarna Pálssyni skrifstofustjóra og Ólafi Jónssyni tollgæzlustjóra að endurskoða frumvarp nefndarinnar. Hafa þeir nú athugað frumvarpið rækilega og gert á því ýmsar breytingar, bæði að því er snertir form þess og efni.

Um einstaka kafla og greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Greinin er ný, og eru í henni skilgreind nokkur hugtök, sem koma fyrir í frumvarpinu.

Um 2. gr.

1. og 2. mgr. greinarinnar eru svo að segja samhljóða 1. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68 frá 17. ágúst 1956, sem hér á eftir er vísað til sem „gildandi laga“.

Í 3. og 4. mgr. greinarinnar eru það nýmæli, að fjármálaráðherra getur falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollmála eftir því, sem henta þykir, og að tollgæzlustjóri skuli skipaður með sama hætti og héraðsdómarar og annast auk starfa sinna við tollstjóraembættið í Reykjavík yfirstjórn tollgæzlunnar utan Reykjavíkur eftir því sem fjármálaráðherra ákveður.

Um 3. gr.

Greinin samsvarar 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um það að sameina bæri að einhverju leyti tollgæzlu og löggæzlu. Er augljóst að víða hagar svo til að það má gera með góðum árangri, enda eru lögreglustjórar utan Reykjavíkur einnig tollstjórar í umdæmum sínum. 1. og 2. mgr. greinarinnar, sem fjalla um þetta efni, eru nýmæli í lögum um tollgæzlu, en 3. mgr. 5. gr. laga nr. 56 frá 1963, um lögreglumenn, fjallar einnig um þetta efni. 3. og 4. mgr. samsvarar 21. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Skóla þessum var óhjákvæmilegt að koma á fót, enda gert ráð fyrir honum í úrskurði síðasta Kjaradóms um laun opinberra starfsmanna.

Ýmis verkefni tollstarfsmanna, svo sem tollflokkun og ýmislegt, sem að tollafgreiðslu lýtur, verða ekki sæmilega af hendi leyst, nema starfsmennirnir hafi öðlazzt verulega sérþekkingu. Uppkast að reglugerð hefur verið samið, og skólinn hefur starfað effir henni síðastliðið ár.

Samsvarandi ákvæði um lögregluskóla í Reykjavík eru í 9. gr. laga nr. 56 frá 1963.

Um 6. gr.

Greinin samsvarar síðari hluta 9. gr. gildandi laga með þeirri viðbót, sem er nýmæli, að fjármálaráðuneytið geti ákveðið með reglugerð, að tollsvæði ríkisins skuli fylgja fiskveiðitakmörkunum eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 3 frá 11. marz 1961.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum eru hafnir, þar sem för í utanlandssiglingum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi án sérstakrar heimildar, nefndar *tollafgreiðsluhafnir*, en eru í frv. nefndar *aðaltollhafnir*.

Hafnir þessar hafa ekki áður verið taldar upp í lögum, en voru ákveðnar í 26. gr. reglugerðar um tollheimtu og tolleftirlit nr. 41 frá 13. marz 1957.

Leggja verður á það megináherzlu, að í aðaltollhöfnum sé aðstaða og starfslið til að afgreiða för og geyma og tollafgreiða innfluttar vörur á tryggilegan hátt. Aðaltollhafnir mega ekki vera fleiri en brýn nauðsyn krefur, enda mundi fjölgun þeirra hafa í för með sér annað hvort stórum aukinn kostnað eða of mikla dreifingu tollgæzluliðsins.

Tollhafnir, aðrar en aðaltollhafnir, hafa hvorki verið taldar upp í lögum né reglugerð. Hefur þetta leitt til þess, að vörur hafa verið fluttar beint úr aðkomuförum eða framsendar ótollafgreiddar til margra staða, þar sem hvorki er tollgæzla né sérstakar afgreiðslur fyrir ótollafgreiddar vörur. Hefur þetta að sjálfsögðu mikla hættu í för með sér, þar sem það heldur opnum leiðum til að sniðganga allt tollleftirlit í landinu. Verður það að vera meginregla, að ótollafgreiddar vörur verði ekki fluttar til annarra staða en þeirra, þar sem bæði er tollgæzla og viðurkennd vöruafgreiðsla, en gert er ráð fyrir að hvorttveggja verði fyrir hendi í þeim höfnum, sem tollhafnir eru skv. 2. og 4. mgr. greinarinnar. Utan þeirra staða er innflutningur talinn svo lítill, að hann gefi ekki nægilegt tilefni til að halda þar uppi sérstakri tollgæzlu að staðaldri.

Í 5. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir því, að svo kunni að standa á, að brýna nauðsyn beri til að flytja ótollafgreiddar vörur til staða, sem eru utan þeirra 33 hafna, sem eru tollhafnir samkvæmt 2. og 4. mgr. greinarinnar. Er viðkomandi tollstjórum þá heimilt að veita leyfi til þess hverju sinni, en ætlazzt er til að þeir setji skilyrði um nauðsynlegt tolleftirlit vegna undanþágunnar og að sá, sem hana fær, greiði allan kostnað af þeim ráðstöfunum, sem af undanþágunni leiða. Samsvarandi heimild er í málsgreininni að því er snertir fermingu vara utan tollhafna.

Í 5. mgr. er enn fremur tollgæzlustjóra heimilað að veita leyfi til þess að för fái fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna, ef sérstaklega stendur á, en bundið skal það leyfi samsvarandi skilyrðum og um ræðir í næstu mgr. hér á undan. Samsvarandi ákvæði er í 8. gr. gildandi laga.

6. mgr. er ný. Er hún sett til þess að tryggja að geymsluhús og svæði fyrir ótollafgreiddar vörur verði sem næst hafnarsvæðunum, og liggi sem bezt við eftirliti.

7. mgr. er ný, og geta tollhafnaréttindi hafna fallið niður, ef vissum skilyrðum er ekki fullnægt að dómi fjármálaráðherra.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar 3. mgr. 14. gr. gildandi laga, en ákvæðið um lögtaksrétt er nýmæli.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Greinin samsvarar 2.—4. mgr. 4. gr. gildandi laga og er svo að segja orðrétt eins.

Um 10.—12. gr.

Í greinum þessum er safnað saman ákvæðum um heimildir tollgæzlumanna til leitar í farartækjum og húsum. Þessi ákvæði eru nú í 11., 12. og 19. gr. gildandi laga, en eru nokkuð óglögg. Hér hafa þau verið færð í svipað horf og dönsk og norsk lagaákvæði um sama efni, og er það raunar í samræmi við þær reglur, sem hér hafa skapazt í framkvæmd. Nýmæli er þó, að veita tollgæzlumönnum aðgang að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu gjalda.

Um 13. gr.

1. mgr. er orðrétt eins og 1. mgr. 18. gr. gildandi laga.
2. mgr. er orðrétt eins og 4. mgr. 22. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Handtökuheimild tollvarða er nýmæli í lögum, en þykir nauðsynleg, og sama er um rétt þeirra til að leggja hald á muni, sem teljast til sakargagna.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar 13. gr. gildandi laga, en er nokkuð fyllri.

Um 16. gr.

1.—3. mgr. svarar til upphafs 15. gr. gildandi laga, sbr. upphaf 2. mgr. 11. gr.
4. mgr. er í samræmi við framkvæmd og er tekin úr 2. mgr. 66. gr. dönsku tollalaganna.

Um 17. gr.

1. mgr. samsvarar 2. mgr. 22. gr. gildandi laga, sbr. 1. mgr. 18. gr.
2. mgr. er nýmæli, en í samræmi við framkvæmd.

Um 18. gr.

Greinin er svo að segja orðrétt eins og 20. gr. gildandi laga, þó er síðari másl. 1. mgr. nýr.

Um III. kafla.

Um 19. gr.

Í 1. másl. 1. mgr. er ákveðið að aðkomufar skuli hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 5. mgr. 7. gr. Í 8. gr. gildandi laga er heimilað að ákveða þetta með reglugerð og er það gert með 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 41 frá 1957.
2. málsliður 1. mgr. samsvarar 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin er ný, en í samræmi við dönsk og norsk tollalög. 3. mgr. er tekin eftir 2. mgr. 20. gr. norsku tollalaganna nr. 5 frá 10. júní 1966.

Um 21. gr.

Greinin er ný að forminu til. Í 1. mgr. er yfirlit yfir þau skjöl, sem afhenda ber við komu fars, en um þau eru ýmis ákvæði í gildandi lögum, sbr. einkum 22.—24. gr., sbr. og 30.—35. gr. reglugerðarinnar.

2. mgr. samsvarar 12. gr. gildandi laga.
3. mgr. er ný, en í samræmi við venju og ákvæði tollalaga Norðurlanda.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 2. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1.—3. mgr. 23. gr. gildandi laga.
2. mgr. er í samræmi við 2. málslið 1. mgr. 21. gr. gildandi laga.
3. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 23. gr. gildandi laga.
4. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 24. gr. gildandi laga.
5. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 23. gr. gildandi laga.
6. mgr. er nýmæli, en í samræmi við venju.
7. mgr. er nýmæli, en í samræmi við ákvæði 8. mgr. 35. gr. tollreglugerðarinnar.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 2. og 5. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

1. mgr. samsvarar 3. mgr. 22. gr. gildandi laga.
2. mgr. er í samræmi við venju að því er snertir flugför, en nýmæli í lögum.
3. mgr. er í samræmi við niðurlag síðari másl. 2. mgr. 22. gr. gildandi laga.
4. mgr. er nýmæli.
5. mgr. samsvarar 5. mgr. 22. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

1. mgr. samsvarar 6. mgr. 24. gr. gildandi laga.
2. mgr. er nýmæli, en er í samræmi við dönsk og norsk ákvæði.
3. mgr. samsvarar 8. mgr. 24. gr. gildandi laga, en ákveðnari reglur eru settar um talninguna.
4. mgr. er nýmæli.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli í lögum, en í samræmi við gildandi reglur á Norðurlöndum og 33. gr. tollreglugerðarinnar.

Um 28. gr.

1. mgr. er nýmæli, en í samræmi við dönsk tollalög.
2. mgr. samsvarar 2. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

1. mgr. samsvarar 5. mgr. 24. gr. gildandi laga, sbr. 7. mgr. sömu greinar.
2. mgr. er nýmæli, sem er nauðsynlegt til þess að unnt sé að fylgjast betur með flutningi vara milli hafna.
3. mgr. samsvarar 6. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

1. mgr. samsvarar ákvæðum 1. másl. 1. mgr. 34. gr. gildandi laga.
2. mgr. er nýmæli. Samsvarandi ákvæði er í nýju norsku tollalögum.

Um 31. gr.

1. mgr. samsvarar ákvæðum 1. mgr. 35. gr. gildandi laga.
2. mgr. samsvarar ákvæðum 2. mgr. 35. gr. gildandi laga.
3. mgr. er nýmæli.

Um 32. gr.

1. mgr. samsvarar 1. málslíð 8. gr. gildandi laga, sbr. 94. gr. tollreglugerðarinnar.
2. mgr. er nýmæli, en í samræmi við venju.
3. og 4. mgr. eru nýmæli, en í samræmi við 96. gr. tollreglugerðarinnar.

Um 33. gr.

1. mgr. er nýmæli, en hefur í framkvæmd verið þannig, að flugfélögin hafa lagt til húsrými fyrir skoðun á farþegum, en skipafélögin ekki. Þykir rétt að sama skylda sé lögð á báða þessa aðila.
2. mgr. samsvarar niðurlagi 1. mgr. 14. gr. gildandi laga.
3. mgr. samsvarar niðurlagi 17. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

Greinin er nýmæli. Þessari grein er ætlað að stuðla að bættri reglu, og þykir sjálfsagt að þessi viðurlög liggja við, ef tolleftirlitið hefur af slíkri vanrækslu aukinn kostnað.

Um 35. gr.

Greinin er að efni til tekin úr 97. og 98. gr. reglugerðar nr. 41 frá 1957, enda eru þetta tvímælalaut löggjafaratriði, þar sem þau mæla fyrir um undantekningar frá almennum reglum laganna.

Um IV. kafla.

Um 36. gr.

1. og 2. mgr. samsvarar 1. mgr. 31. gr., sbr. 2. málslíð 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Í niðurlagi 2. mgr. er nýmæli, sett til þess að tryggja tolleftirlit.
3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 31. gr. gildandi laga.

Um 37. gr.

1. mgr. er efnislega eins og upphaf 1. málslíðar 32. gr. gildandi laga.
2. mgr. samsvarar 2. og 3. málslíð 1. mgr. 32. gr. gildandi laga, en ákvæðin eru nú ýtarlegri.
3. mgr. samsvarar 2. mgr. 32. gr. gildandi laga.
4. mgr. er nýmæli, tekið eftir 50. gr. norsku tolllaganna.
5. mgr. er nýmæli. Margar vörugeymslur fyrir ótollafgreiddar vörur eru það langt frá affermingarstað, að nauðsynlegt er að gera varúðarráðstafanir, hvað öruggan flutning vörunnar snertir. Þykir rétt og sanngjarnt að greitt sé fyrir þann kostnað, sem af þessu leiðir.
6. mgr. samsvarar niðurlagsákvæðum 1. mgr. 32. gr. gildandi laga.
7. mgr. er nýmæli, en í samræmi við dönsk og norsk lög.
8. mgr. er nýmæli að því er snertir forgang aðflutningsgjalda fyrir geymslugjaldi. Er í samræmi við ákvæði danskra og norskra tollalaga.

Um 38.—39. gr.

Greinarnar eru í samræmi við ákvæði í 37. gr. frv.

Um 40. gr.

1. mgr. samsvarar 33. gr. gildandi laga.
2. mgr. er nýmæli, sett til þess að fylgjast með ótollafgreiddri vöru, þar til hún er endanlega tollafgreidd.

Um 41. gr.

Greinin samsvarar ákvæðunum um póstsendingar í 1. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Um 42. gr.

Svipuð ákvæði eru í niðurlagi 1. mgr. 29. gr. gildandi laga.

Um 43. gr.

Greinin er í samræmi við tollskrárlögin.

Um 2. mgr., sjá 35. gr. tollskrárlaganna nr. 7/1963.

Um V. kafla.

Um 44. gr.

1. mgr. er í samræmi við almennar reglur frv.

2. mgr. er nýmæli. Hér er aðeins leyft að ótollafgreidd vara sé framsend til tollhafnar, en ekki til annarra staða, og er það í samræmi við ákvæði 56. gr. tollreglugerðarinnar. Er þetta gert til öryggis hvað tollefirlit og innheimtu snertir, og er í samræmi við meginreglu 7. gr. frv.

Um 45. gr.

1. mgr. er aðeins tilvísun í 29. gr. og 3. kafla frv. yfirleitt um farmskrárútdrætti o. fl.

2. og 3. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 46. og 47. gr.

Greinarnar samsvara 4. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 5. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Greinin er sniðin eftir norsku tolllögunum og er sett til öryggis tryggilegri meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Um VI. kafla.

Tilsvarendi ákvæði eru í 1. mgr. 25. gr. og 27.—28. gr. núgildandi laga. Eru ákvæði þessara greina látin haldast að nokkru, en í hinum nýja kafla eru þó verulegar efnisbreytingar.

Um 50. gr.

Greinin er efnislega eins og 27. gr. gildandi laga, sbr. upphaf 25. gr., að öðru leyti en því, að við er bætt tilvísun í lögum um tollvörugæmslur.

Um 51. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 25. gr. gildandi laga. Um efnisbreytingu er þar ekki að ræða, en orðalagið er gert skýrara. Meginregla greinarinnar er sú, að aðflutningsgjöld af vöru skuli greidd í því umdæmi, sem varan er í þegar tollafgreiðslan fer fram, og er það sama meginregla og gilt hefur að undanfögnu.

Um 52. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að setja megi fyrir fram ákveðinn frest til greiðslu aðflutningsgjalda af vöru, hafi hún ekki verið sett í tollvörugæmslu skv. lögum nr. 47 frá 1960 áður en fresturinn er útrunninn, og viðurlög sett ef út af er brugðið.

Telja verður mjög nauðsynlegt að frestur þessi verði settur, þar sem mikil brögð eru að því, að innflytjendur láti vörur sínar liggja í uppskipunar- og af-

greiðsluhúsum í óhæfilega langan tíma. Hefur þetta m. a. orsakað mikil þrengsli í húsunum, dregið stórlega úr hagkvæmum rekstri þeirra og torvelað tolleftirlitið svo mjög að ekki verður við unað.

Um 53. gr.

Hér er einnig um nýmæli að ræða, þar sem fjármálaráðherra er heimilað að veita tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum gegn bankatryggingu eða annarri jafngildri tryggingu svo og því að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan 20 daga frá komudegi. Er þá gert ráð fyrir, að innflytjandi gefi við tollafgreiðslu út skuldaryfirlýsingu fyrir upphæð aðflutningsgjaldanna og greiði þá upphæð síðan í peningum innan hins tiltekna frests.

Er ákvæði þessu eins og ákvæðum 52. gr. ætlað að flýta fyrir tollafgreiðslu og brottflutningi vara úr afgreiðslum.

Um 54. gr.

1. mgr. er samhljóða 28. gr. gildandi laga, nema að þess er nú sérstaklega getið að veðrétturinn nái einnig til dráttarvaxta.

2. mgr. er nýmæli að því leyti, að geymslugjöld eru við uppboð lätin víkja fyrir aðflutningsgjöldum, og er það einnig gert til að reyna að koma í veg fyrir óhæfilega langa geymslu á ótollafgreiddum vörum í afgreiðslum. Sams konar ákvæði er í norsku tollalögunum.

Um VII. kafla.

Um 55. og 56. gr.

Greinar þessar koma í stað 29. gr. gildandi laga. Fjallar hin fyrri um vantanir en hin síðari um skemmdir. Í greinunum er það nýmæli að gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um fresti til að færa sönnur á vantanir og skemmdir.

Rétt virðist að fresturinn skv. 2. mgr. 55. gr. verði miðaður við eindaga settan skv. 52. gr.

Það má telja nýmæli í 1. mgr. 56. gr., að skemmdirnar séu verulegar, en slíkt ákvæði hefur þó verið sett um skemmdir á bifreiðum, sbr. auglýsingu frá 20. maí 1965.

Í 2. mgr. 56. gr. er heimild til að taka til greina skemmdir, sem verða á vöru í vörzlum tollgæzlunnar, í viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda eða í flutningi milli tollhafna. Er það í samræmi við ákvæði 2. tölul. 3. gr. og 4. mgr. 10. gr. tollskrárlaganna. Er þá gert ráð fyrir, að í reglugerðinni verði ákveðinn frestur til að færa sönnur á skemmdirnar.

Um 57. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 30. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að í stað „innan árs“ í 3. mgr. er sett: innan þess tíma, sem ákveðinn verður skv. 1. mgr. 52. gr., þ. e. eindaga tollafgreiðslu. Við greinina er þó bætt heimild til að krefjast peningatryggingar við endursendingu. Enn fremur er nú tekin inn heimild til að endurgreiða gjöld af vélum, sem reynast gallaðar, enda sé varan endursend innan 6 mánaða frá komu til landsins, og gjöldin nemi a. m. k. kr. 5000.00.

Um VIII. kafla.

Um 58. og 59. gr.

Í þessum kafla er ekki um nýmæli að ræða. Hins vegar hafa ýmis fyrirmæli, sem nú eru lögbundin, en reynzt hafa lítt framkvæmanleg eins og sakir standa, verið afnumin, en í staðinn koma heimildir til að skipa þeim atriðum með reglugerð.

Um IX. kafla.

Um 60. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný, en greinin svarar efnislega að nokkru leyti til 1. mgr. 38. gr., samanber og 42. gr. núgildandi laga. Í greininni er leitast við að skil-

greina hugtakið ólöglegur innflutningur eða smygl, en varla er hægt að segja, að það sé skilgreint í gildandi lögum, nema óbeinlínis með skýringum á þeim. Til hliðsjónar hefur verið höfð skilgreining dönsku tollalaganna frá 1960 á smyglhugtakinu, en nokkuð stytta, þar sem í lögum um tollvörugæmslur nr. 47 frá 1960 eru ákvæði, er fjalla að nokkru leyti um sama efni.

Í 3. mgr. er nýmæli. Er þar lögð refsíabyrgð við aðgerðarleysi af hálfu yfirmanna fara. Þykir eigi rétt að sleppa þeim yfirmönnum við refsingu, sem láta það viðgangast, að undirmenn þeirra t. d. noti þau rúm í fari, sem þeir hafa umsjón með, til þess að geyma smyglvarning og jafnvel útbúa þar sérstaka felustaði. Sams konar ákvæði er í norsku tollalögunum.

Í síðustu málsgrein greinarinnar er lögð áherzla á ábyrgð eiganda vöru, og ef hann finnst ekki, þá á stjórnanda farartækis.

Um 61. gr.

Hámark fangelsisrefsingar fyrir ólöglegan innflutning er hér ákveðið 2 ár, en var ótilgreint áður. Er þetta í samræmi við það, sem gildir annar staðar á Norðurlöndum.

2. mgr. greinarinnar svarar til 2. mgr. 39. gr. gildandi laga, með þeirri breytingu, að brotið er hér gert sjálfstætt.

Um 62. gr.

1. mgr. er nýmæli í lögum, en rétt þykir samkv. eðli brotanna og hvernig þeim myndi venjulega vera háttað, að refsa fyrir tilraun eins og fyrir fullframið brot. Sama regla gildir í Danmörku og í Noregi. Ákvæðin um hlutdeild eru í 1. og 2. mgr. 39. gr. gildandi laga, og eru þau nokkuð þrengri en almenna hlutdeildarreglan í 22. gr. alm. hegningarlaga. Rétt þykir að orða ákvæðið hér, enda þótt 22. gr. alm. hgl. myndi vafalaust verða beitt með lögjöfnun um brot á tollalögum sem öðrum sérrefsilögum, sbr. 1. gr. almennra hegningarlaga. Fjórða mgr. leiðir af alm. refsiréttarreglum.

Um 63. gr.

Í grein þessari, sem er að nokkru leyti ný í lögum, er almenn refsiregla fyrir að gefa rangar skýrslur og upplýsingar til tollstarfsmanna. Grein þessi er miklu fyllri og ýtarlegri en í gildandi tolllögum, sem eru í 1. mgr. 38. gr., og að nokkru í 2. mgr. 40. gr., að því er útflutningsskýrslur varðar. Við samningu greinarinnar hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum danskra og norskra laga um sama efni. Hliðstæð ákvæði eru og í 38. gr. tollskrárlaganna að því er varðar aðflutningsskýrslur.

Um 64. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. mgr. 38. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að í stað skips er notað orðið far og að varðhaldsrefsing er heimiluð. Nauðsynlegt þótti að halda sérákvæðinu um tollfrjálsan forða, þar sem önnur ákvæði munu ekki að öllu leyti taka til þess brots, sem hér er lýst.

Um 65. gr.

1. mgr. samsvarar 2. mgr. 13. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. gildandi laga.
2. mgr. er nýmæli, sem sniðið er eftir dönsku og norsku tollalögunum.
3. mgr. er einnig nýmæli og sniðin eftir sömu fyrirmyndum.

Um 66. gr.

1. mgr. samsvarar efnislega 3. mgr. 38. gr. gildandi laga, en er nokkuð breytt, þar sem ákvæðin um ólögleg viðskipti við varnarlið og skyldulið þess eru þar ekki nógu glögg. Þannig hefur vantað í lögin beina refsheimild gagnvart varnarliðs-

mönnum eða mönnum úr skylduliði varnarliðsins, sem selja eða afhenda vöru, er hefur verið flutt tollfrjálst inn samkv. lögum nr. 110 frá 1951.

2. mgr. er nýmæli í lögum. Beint refsíákvæði hefur til þessa vantað um þetta tilvik, og er sjálfsagt að bæta úr því, enda þótt jafnaðarlega myndi einnig vera um að ræða brot á öðrum ákvæðum.

Um 67. gr.

Greinin hefur að geyma almenna refsireglu um misnotkun á veittum leyfum o. fl. og er nýmæli. Svipuð ákvæði eru í tollalögum annarra Norðurlanda.

Um 68. gr.

Regla þessi er í 41. gr. gildandi laga, en gildir þar aðeins um brot á 20. gr. sömu laga. Þar sem sömu rök eiga einnig við um aðrar upplýsingar, sem skylt er að láta tollyfirvöldum í té, þykir rétt, að heimildin nái einnig til þeirra.

Hámark dagsektanna er hér hækkað úr kr. 60.00 í kr. 500.00.

Um 69. gr.

1. málsliður er samhljóða 1. másl. 42. gr. gildandi laga, og 2. másl. er efnislega í samræmi við síðasta másl. 42. gr.

Um 70. gr.

Í greininni er tekið upp það nýmæli að refsa einnig viðtakanda ólöglega afhentrar vöru, enda myndi hann venjulega vera hlutdeildarmaður í broti þess, sem vöruna afhendir. Að öðru leyti er greinin samhljóða 45. gr. gildandi laga, nema hvað „stjórnandi farartækis“ er tekið upp í stað „skipstjóra“ og að tollyfirvald má áætla gjöldin, ef fullnægjandi skjöl hafa ekki verið lögð fram.

Um 71. gr.

Hér er sú breyting gerð, að sett er ein almenn refsheimild fyrir brot á lögnum í stað þess að vitna í hverja grein um sig.

Þá er sektarrefsing ákveðin allt að 500 þúsund krónur fyrir brot á lögnum, en hámarksrefsing var áður 200 þús. kr.

Um 72. gr.

Heimildin til eignaupptöku á vörum og andvirði vara er hér gerð miklu ýtarlegri en í gildandi lögum um þetta efni, sbr. 4. mgr. 38. gr. þeirra.

Við samningu greinarinnar hafa ákvæði norsku laganna um sama efni verið höfð til hliðsjónar. Rétt þótti að taka upp heimild til að gera farartæki upptæk í vissum tilvikum, enda hníga öll sömu rök undir slíka heimild og hliðstæð ákvæði áfengislaganna.

Í lögum hefur ekki áður verið tekið fram að jafnframt skuli heimta tolla og gjöld af andvirði vöru, sem gerð er upptæk, en sjálfsagt þykir að hafa slíka heimild, þar sem annað gæti leitt til óeðlilegrar niðurstöðu. 5. mgr. er nýmæli, enda geta atvik verið þannig að upptaka sé eðlileg, þótt refsingu verði ekki fram komið.

Um 73. gr.

Greinin er nýmæli í tollalögum. Hliðstæð ákvæði eru í áfengislögnum fyrir brot á þeim lögum, og þykir rétt að taka upp sams konar ákvæði í sambandi við brot á tollalögnum, enda hníga sömu rök að því og með áfengislögin. Svipuð ákvæði eru í dönsku og norsku tollalögnum. Ákvæðið ætti að stuðla að því, að útgerðarfélög og stjórnendur farartækja reyni eftir megni að hindra það, að farar-

tæki þeirra séu notuð til ólöglegs flutnings á vörum. Jafnframt er sökunautum veitt aukið aðhald með ákvæðinu um aðför hjá þeim.

Um 74. gr.

Greinin er hliðstæð að efni og 5. mgr. 38. gr. gildandi laga.

Um 75. gr.

Samkvæmt 47. gr. gildandi laga skulu sektir og andvirði upptæktrar vöru renna í rikissjóð. Hér er lagt til að svo verði áfram, en fénu varið til eflingar og bættrar aðstöðu tolleftirlitsins í landinu.

Um 76. gr.

Það er nýmæli í lögum, að tollyfirvöldum sé heimilt að ákveða sektir allt að 10 000 krónum. Er hér farið að danskri fyrirmynd, en þarlendis afgreiða tollyfirvöld öll mál út af brotum á tolllögunum, nema ætla megi, að brotið varði frelsissviptingu, eða þau telji æskilegt að fá úrlausn dómstólanna um það. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að einfaldari og hraðari málsmeðferð, þegar ekki er um stórvægileg brot að ræða og atvik að öðru leyti liggja ljóst fyrir, en einnig myndi það oft vera til hagræðis fyrir sökunaut að fá málið afgreitt sem fyrst.

Sökunautur getur þó jafnan skotið máli sínu til dómstólanna, og ætti réttur hans að vera nægilega tryggður með því.

Jafnframt er heimilt undir sama skilorði að tollyfirvald ákveði um eignaupptöku, ef verðmæti fer eigi fram úr 50 þúsund krónum.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum um meðferð opinberra mála nr. 82 frá 1961, sbr. lög nr. 29 frá 28. apríl 1966 að því er varðar afgreiðslu lögreglustjóra og lögreglumanna á brotum gegn umferðalögum, áfengislögum, lögreglusamþykktum o. fl.

Um X. kafla.

Um 77. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. gildandi laga, með þeirri breytingu, að nú er gert ráð fyrir, að einungis póstaafgreiðslumenn utan Reykjavíkur fái innheimtulaun af innheimtum aðflutningsgjöldum, enda kostar tollgæzlan alla innheimtu í Reykjavík.

Um 78. gr.

Greinin samsvarar 50. gr. gildandi laga, en refsíákvæði þeirrar greinar er tekið upp í 71. gr. frumvarpsins.

Um 79. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæðum 12. gr. dönsku tollalaganna, en er nýmæli hér. Gagnkvæmar upplýsingar tollyfirvalda í hinum ýmsu löndum hafa færzt mjög í vöxt og stuðlað að því að unnt hefur verið að fyrirbyggja ólöglegan innflutning. Nauðsynlegt er að við getum notið góðs af slíkri samvinnu, og virðist ljóst að í þeim efnum hljótum við frekar að vera þiggjendur en veitendur.

Um 80. gr.

Gefa þarf út nýja tollreglugerð, er lög þessi hafa öðlast gildi, en þangað til hún hefur verið gefin út, er nauðsynlegt að núverandi reglugerðir og önnur fyrirmæli haldi gildi sínu eftir því sem þau samræmast hinum nýju lögum.